


Láki Máni og Þjófahyskið





Þessi bók er í 5. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



Láki Máni og Þjófahyskið

ISBN 978-9979-0-2532-0

© Kristín Helga Gunnarsdóttir

© Halldór Baldursson

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2009

önnur prentun 2018

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Prentækni ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



Þjófar

Hjólið hans Láka Mána hvarf
frá húsi númer sjö við Sómalæk
og finnst alls ekki.

Eru þjófar á ferli við Sómalæk?

Láki Máni er níu ára fyrirliði
í landsliðinu. Liðið heitir
Landslið Láka Mána og spilar
bara á heimavelli – í innkeyrslunni.
Þrír heimsfrægir kappar eru í liðinu.
Láki Máni er sá eini sem sér þá.


Dynkir

Hurðin á skúrnum er markið.
Mamma kemur oft út
og æpir á landsliðið.
– Láki Máni! Ekki dúndra
í bílskúrinn! hrópar hún.
Mamma er bókari
og vinnur heima.



Pabbi býr til höggmyndir í skúrnum.

Hann er með eyrnaskjól með
útvarpi og heyrir ekki.



Mamma æðir inn
í bílskúr og kallar.
Hún stappar
niður fæti.

Pabbi tekur af sér
eyrnaskjólin.
– Ertu að segja
eitthvað, elskan?
spyr hann hissa.

– Hvernig getur þú unnið þegar Láki Máni dúndrar og þrusar í skúrinn?

Þegar ég reikna glymur í hausnum á mér:



– Er æfing hjá landsliðinu? spyr pabbi.

– Jamm, segir Láki Máni.

– Hvernig gengur?

– Ekki vel, svarar Láki Máni. Domm er slappur í hnénu.

– Rugluhausar, tautar mamma og fer.

– Fáðu þér eyrnaskjól, elskan! kallar pabbi.

Lipurærnar

Afi Láki býr í kjallaranum.
Amma hans Láka Mána er löngu dáin.
Afi er í gönguklúbbi sem heitir
Láki og lipurærnar. Afi er eini karlinn
í klúbbum með tíu eldri dömum.
Þau arka með göngustafi um borgina.
Einu sinni héldu þau maraþon
og gengu alla leiðina í Mosó.
Það var alltof löng leið.

Hvað gerir afi til að halda sér
hressum og hraustum?



Afi fékk verk í bakið.
Ein lipurtáin fékk svimakast.
Önnur fékk sinadrátt
og nokkrar lipurtær
fengu blöðrur á tærnar.
Þau gengu yfir sig og voru sótt í bíl.
Afi Láki bauð lipurtánnum smákökur
á meðan þau biðu.
Eftir maraþonið til Mosó eru þau hætt
að fara langt og ganga bara í hverfinu.

Af hverju fengu lipurtærnar svimakast,
blöðrur á tær og sinadrátt?





Litakassar

En það búa fleiri í húsinu.
Tveir fimmtán ára litakassar búa þar líka.
Þeir heita Klara og Karítas
og eru tvíburar.

Klara og Karítas eru systur Láka Mána.
Þær mála sig mikið í framan.
Stundum líta þær út eins og
indíánar á leið í stríð.

Systurnar nota bláa skugga,
svarta blýanta og bleika varaliti.
Láka Mána finnst þær líkjast
skrítnum fuglum úr dýragarði.





Litakassarnir eru með pissigult hár
sem þær lita sjálfar.

Mamma segir að þær séu
að gera tilraunir.

Hún segir að dag einn verði
þær aftur venjulegar á litinn.


Klara og Karítas eru langar
eins og slöngur og æfa körfubolta.

Þær eru hörku leikmenn.

Láki Máni segir þeim það helst ekki.

Þær verða of montnar.

Af hverju vill Láki Máni ekki segja tvíburunum
að þær séu góðar í körfubolta?



Ljósastaurar

Stundum taka Klara og Karítas markið frá landsliðinu.

– Hverfa, stubbur, segir Klara og kastar á körfuna.


– Gufa upp, dvergur, kallar Karítas og grípur.

Landsliðið flýr.
Domm brunar burtu í sportbíl.
Dikk hleypur niður götuna.
Dúss þýtur út í buskann á mótörhjóli.
Láki Máni er einn eftir.
Tveir illa málaðir ljósastaurar
með tuðru hamast í kringum hann.

Láki Máni gefst upp og fer inn.
Hann tekur af sér svarta hanska.
– Tvíburarnir tóku af mér völlinn
af því að þeir eru svo frekir,
vælir Láki Máni.

– Þær þurfa nú líka að æfa sig,
segir mamma. Það eru
æfingar hjá landsliðinu
þínu mörgum
sinnum á dag.
Þú mátt ekki
einoka völlinn.





Dótahvarf


Í húsinu við Sómagötu
gerast daglega dularfullir atburðir.
Hlutir hreinlega gufa upp.
Enginn veit hvað veldur.
Það er þó nokkuð víst að
geimverur eru á ferð.
Snyrtidót mömmu hverfur.



Súkkulaði hverfur næstum strax ef það er til.
Smákökur, rakvélar, skrúfjárn, tyggjó,
bíllyklar, gloss og hanskar
hverfa eins og jörðin gleypi dót.



Enginn veit hvað varð um
hjólið hans Láka Mána.
Jú annars, einhver hlýtur að vita það.
Hjól gufa ekki upp í himininn
nema geimverur steli þeim.
Láki Máni er líka viss um að það
var geimvera sem stal hjólinu hans.
Geimvera sem býr á plánetunni jörð.
Jafnvel geimvera sem hann þekkir.





Kökupjófur

- Ég hélt að ég ætti súkkulaði,
segir mamma hissa þegar gestir koma.
Hún kíkir í skápa. Hún fer á alla
sína bestu felustaði.
Hún skoðar í fataskáp og blaðakörfu.
Hún gægist undir sófa
og á bak við bókahillu.
Hvergi finnur hún súkkulaði.
– Þá fáum við okkur bara smákökur,
segir mamma.

En hvar er dósin með smákökunum?
Hún leitar á bak við sjónvarpið.
Hún kíkir inn í bakaraofninn
og fer niður til afa Láka.
Loks finnur mamma smákökudósina
í hillu á baðinu. Hún er tóm.
Gestirnir verða súrir.
Þeir sötra kaffi en fá ekkert súkkulaði
og engar smákökur.





Rakvélaræningi

– Hvernig stendur á því að rakvélar
mínar eru horfnar? spyr pabbi.

Hann fær ekkert svar.

Allir eru að flýta sér.

Pabbi fer niður til afa Láka og spyr
hvort hann hafi tekið rakvél.

Afi Láki reiðist.

– Ég á sjálfur rakvélar, tautar afi.

Ég þarf ekki að stela þínum.

Pabbi fer órakaður út í skúr.



Snyrtibófi

– Hvar eru kremen mín?

Og hvar er púðrið?

spyr mamma undrandi.

– Ekki hugmynd, svara Klara og Karítas.


Þær maka á sig kremum við spegilinn.

Þær heyra varla í mömmu og taka til við

að klína framan í sig öllum litum regnbogans.

Snyrtibófar eru sjúkir í krem og liti.






Hanskakrimmi



- Æææ, veinar Karítas.
- Hvað? Ískrar í Klöru.
- Ég finn ekki svörtu hanskana.
- Ég skildi þá eftir hér, vælir Karítas.
- Ömurlegt, svarar Klara. Ég var með tyggjó í veskinu. Nú er það horfið.
- LÁÁKI MÁÁNI! garga þær báðar í kór.
- Láki Máni lætur sig hverfa.
- Hann forðar sér á æfingu með landsliðinu.

Dótagleypir?

- Hvar er skrufjárnid mitt? spyr pabbi.
- Og bíllyklarnir? bætir hann við.
- Ég held að jörðin gleypi dót,
svarar mamma. Eða kannski er
ósýnilegur dótagleypir í húsinu?
Pabbi klórar sér í hausnum
og fer út í skúr.
Láki Máni situr í tröppunum
með landsliðinu.



Leynilöggur

- Það eru þjófur í húsinu, segir Láki Máni og japlur tyggjó.
- Við vitum það, svarar Dúss.
- Hvernig? Láki Máni fer í svarta hanska.
- Við erum leynilöggur. Dikk glottir.
- Pabbi þinn er sjúkur í súkkulaði. Hann veit um alla felustaði í húsinu, segir Dúss.
- Afi Láki tekur smákökur og gefur lipurtánum. Ljósastaurarnir ræna snyrtidóti. Allir taka það sem þá vantar. Það biður enginn um leyfi, segir Domm.

Hvað tekur afi og hvað gerir hann við ránsfenginn? Hver stelur súkkulaði? Hverjir stela snyrtidóti?



– Mamma þín tekur skrúfjárn og gerir við stólinn sinn. Hún rænir líka rakvélum til að raka fótleggina, segir Dikk.

Láki Máni fussar.

– Þú þarft líka að taka þig á, segir Domm. Þú tókst hanska og tyggjó. Það á að spyrja um leyfi – ekki taka.

– Það er samt ekki nóg að ég fari einn í átak, segir Láki Máni og blæs kúlu.

– Nei, það þurfa allir að bæta sig, segir Dúss og skokkar út götuna.





Þjófahyskið

Það er fundur í eldhúsinu.

Allir íbúar mæta.

Láki Máni skilar hönskum og tyggjó.

– Hanskarnir mínir! kallar Karítas.

– Tyggjóðið mitt! Klara grípur pakkann.

Láki Máni heldur ræðu.

Hann talar um hver tók hvaða dót.

Hann vill ekki búa með þjófum

og ræningjum.

Láki Máni ætlar sjálfur að bæta sig.

Allir lofa að taka sig á.

– En hver tekur bíllyklana? spyr pabbi.

– Enginn, pabbi, svarar Láki Máni.


Þú týnir þeim sjálfur.

Dyrabjöllu er hringt.

Malla vinkona tvíburanna er fyrir utan.

Hún er með hjólið hans Láka Mána.

– Karítas gleymdi því hjá mér, segir Malla.



Láki Máni er fúll.

– Ha. Ég? segir Karítas ringluð.

Ó, já, ég fékk hjólið lánað um daginn þegar ég fór til Möllu.


Ég var búin að gleyma því.


Hvar var hjólið? Hver tók hjólið?

Lán og leyfi

– Ég vissi að geimvera hefði rænt hjólinu mínu, segir Láki Máni reiður. Löng slöngugeimvera með pissigult hár frá plánetunni Þjófanus.

– Svo heitir það ekki að fá lánað nema maður fái leyfi, bætir Láki Máni við.





Karítas tekur utan um Láka Mána.
Hún kreistir hann fast og kyssir á hausinn.
– Fyrirgefðu, litli snúður! Ég skal
aldrei aftur taka hluti án þess
að spyrja um leyfi, segir hún.
Láki Máni slítur sig lausan
og nuddar kossinn af kollinum.
– Og þú mátt eiga hanskana mína,
bætir hún við.
Láki Máni brosir sínu breiðasta
og setur á sig hanskana.



Felustaðir

Hér eftir verður tekið hart á þjófum
í kökuleit. Mamma nær í stól.

Hún klifrar upp á borð.

Hún sækir rauðan bauk í efstu hillu.

Hún klifrar fimlega niður með baukinn.

Mamma býður upp á smákökur.

– Þetta er nýr felustaður, segir afi hissa.

– Já, og hann er hættulega hátt uppi
fyrir gamla karla! segir mamma ákveðin.

Til kennara og foreldra!

Í Smábókaflokki Menntamálastofnunar eru bækur sem ætlað er að vekja lestraráhuga yngstu barnanna og veita þeim þjálfun í lestri. Leitast er við að höfða til ólíkra áhugasviða með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu. Lögð er áhersla á að sögurnar höfði jafnt til tilfinninga og rökhugsunar og ekki síst kímningáfu lesenda. Bækurnar eru allar 24 blaðsíður og því auðvelt að ljúka við lestur bókar.

Á vefsíðunni *Íslenska fyrir yngsta stig – Veftorg* eru fjölbreyttar kennsluhugmyndir og verkefni til að prenta út. Nokkrir gagnvirkir vefir fylgja einnig bókunum: **Lesum og skoðum orð** – Smábækur, Smábókaskápurinn og Orðaleikir.

Áður en bókin er lesin

Áður en lestur hefst ættu nemendur að skoða bókina, ræða um hana og kynna sér

- hver er höfundur hennar
- hver hefur teiknað myndirnar
- hvað bókin heitir, þ.e. titill
- um hvað hún fjallar

Einnig ættu nemendur að skoða vel myndirnar og gera sér í hugarlund hvað gerist í sögunni, hvar hún fer fram, hver atburðarásin er, hvaða persónur sjást á myndunum o.s.frv.

Umræðuefni heima og í skólanum

Ólíkar kynslóðir. Hverjir búa á Sómalæk sjö? Á hvern hátt koma ólíkar þarfir íbúanna fram? Hvernig eru áhugamál þeirra lík og ólík? Hvað eiga kynslóðirnar sameiginlegt?

Samskipti. Hvernig eru samskiptin á milli Láka og systranna? Hvernig reynslu hafa nemendur af samskiptum við systkini? Hver er munurinn á að fá að láni og taka án leyfis.

Vinir. Vinir geta verið bæði sýnilegir og ósýnilegir. Hvað er að eiga ósýnilega vini? Hvernig er hægt að leika sér við ósýnilega vini?

Frásögn og ritun

- Skoðaðu dagblöð og klipptu út þrjár myndir af áhugaverðum fótboldaleikmönnum. Útskýrðu af hverju þér finnst þeir áhugaverðir.
- Teiknaðu hring á blað og skrifaðu orðið fótbolta í hringinn. Skrifaðu eða teiknaðu svo allt sem þú veist um fótbolta í kringum hringinn.
- Skiptu blaði í tvo dálka. Efst í annan dálkinn skaltu skrifa **Góð samskipti** og í hinn **Ekki góð samskipti**. Skrifaðu í dálkana fyrir neðan dæmi um það sem þér finnst vera góð samskipti og ekki góð.
- Segðu vini eða vinkonu um hvað sagan er. Þú skalt undirbúa þig vel og hugsa um hvað þú ætlar að segja fyrst, hvað næst og hvernig þú ætlar að enda frásögnina.



Láki Máni og Þjófahyskið

Í húsi númer sjö við Sómalæk
var eitthvað alltaf að hverfa.
Einn daginn hvarf meira að segja
hjólíð hans Láka Mána.

Eru þjófar á ferli við Sómalæk?
Eða hvað?
Lestu um það í þessari
skemmtilegu bók.

Smábækur Menntamálastofnunar
eru ætlaðar börnum sem eru að æfa lestur.
Á vefsíðunni Íslenska á yngsta stigi – veftorg
má finna verkefni með sögunni.

Höfundur er Kristín Helga Gunnarsdóttir.
Myndir teiknaði Halldór Baldursson.

